

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 18 júní 2015

Efni: Umsögn slitastjórnar Kaupþings hf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (nauðasamningar), 787. mál og frumvarps til laga um stöðugleikaskatt, 786. mál.

Vísað er til tölvupósts frá efnahags- og viðskiptanefnd, dags. 11. júní 2015, þar sem slitastjórn Kaupþings hf. (hér eftir „Kaupþing“) var gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreind þingmál.

a. frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (nauðasamningar), 787. mál

Að mati Kaupþings eru ýmis ákvæði frumvarpsins jákvæð og til þess fallin að auðvelda nauðasamning og skjóta styrkari lagastoðum undir atriði sem ríkti vafi um með hliðsjón af þeim sérákvæðum sem gilda um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Kaupþing vill þó benda á að skuldaskil hinna föllnu fjármálafyrirtækja eru gríðarlega flókin og einstæð í íslenskri réttarsögu og því telur Kaupþing að frekari breytinga sé þörf eigi markmið frumvarpsins að ná fram að fullu.

Í neðangreindri umfjöllun verður vikið að helstu atriðum sem Kaupþing vill vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

Ákvæði a-liðar 1. gr. (ábyrgðarleysi og skaðleysi)

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild til að taka ákvarðanir á kröfuhafafundum um ábyrgðarleysi manna er eiga sæti í slitastjórnnum. Að mati Kaupþings þyrfti að styrkja umrætt ákvæði frekar.

Ljóst er að slitameðferð föllnu bankana á sér engin fordæmi í íslenskri réttarframkvæmd, bæði hvað varðar umfang, flækjustig og fjárhæðir enda samanlagt um einhver stærstu greiðsluföll fyrirtækja í heiminum að ræða.

Víða í engilsaxneskum rétti tíðkast að við lok endurskipulagningar hjá fyrirtækjum geti þeir sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, og sem leggi fram tillögu um endurskipulagningu,

lokið afskiptum sínum af búinu með endanlegum hætti með því að kröfuhafar og/eða viðkomandi fyrirtæki veiti slíkum aðila ábyrgðarleysi (*e. release*) vegna krafna sem þeir kunna að eiga á hendur honum vegna starfa hans.

Tillaga frumvarpsins um ábyrgðarleysi vegna tiltekinna ráðstafana gengur hins vegar skemur en eðlilegt má teljast með hliðsjón af umfangi slitameðferðarinnar.

Í ljósi þess fordæmalausa flækjustigs sem leiðir af uppgjöri föllnu bankanna leggur Kaupþing því til að heimilt sé að álykta á kröfuhafafundi, með bindandi hætti fyrir alla kröfuhafa, um eftirgjöf krafna viðkomandi kröfuhafa og/eða viðkomandi fyrirtækis á hendur slitastjórn og starfsmanna fjármálafyrirtækis í slitameðferð vegna ákvarðana, athafna eða athafnaleyssi við framkvæmd starfa þeirra við slitameðferðina, þ.m.t í tengslum við framlagningu og efndir á nauðasamningi.

Ennfremur er lagt til að heimilt sé að ákveða á kröfuhafafundi að viðkomandi fyrirtæki veiti skaðleysi til handa þessum aðilum vegna framangreindra starfa þeirra við slitameðferðina.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Kaupþing til að a. liður 1. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„a. Við 1. mgr. bætast við tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 77. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er heimilt á kröfuhafafundi, með bindandi hætti fyrir alla kröfuhafa, að taka ákvörðun um eftirgjöf krafna viðkomandi kröfuhafa og/eða viðkomandi fyrirtækis á hendur slitastjórn og starfsmanna fjármálafyrirtækis í slitameðferð vegna ákvarðana, athafna eða athafnaleyssi við framkvæmd starfa þeirra við slitameðferðina þ.m.t í tengslum við framlagningu og efndir á nauðasamningi. Einnig skal vera heimilt á kröfuhafafundi að taka ákvörðun um að viðkomandi fyrirtæki veiti skaðleysi til handa þessum aðilum vegna framangreindra starfa þeirra við slitameðferðina.“

Ákvæði a-liðar 2. gr. (greiðsla með fyrirvara)

Í a-lið 2. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að heimilt sé að bjóða fram greiðslu sem háð verði fyrirvörum um innheimtu og innlausn eigna fjármálafyrirtækis. Kaupþing bendir á í þessu samhengi að gera þyrfti skýrt að við slíkar aðstæður gildi ekki ákvæði um samhengi afskriftarhlutfalls og samþykki nauðasamnings eftir fjárhæðum og að þá gildi reglan um 60% lágmarks samþykkishlutfall eftir fjárhæðum.

Ákvæði c-liðar 2. gr. (framsal krafna)

Í ákvæðinu er kveðið á um að heimilt sé að víkja frá 4. mgr. 30. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. þannig að litið verði til stöðu krafna á þeim degi sem um ræðir í 5. mgr. 101. gr. laga þessara, án tillits til framsals þeirra fram að þeim tíma. Það tímamark sem þarna er vísað til er frestdagur fjármálafyrirtækja í slitameðferð sem í tilfalli Kaupþings var ákveðinn með lögum nr. 44/2009 og er 15. nóvember 2008.

Hins vegar háttar svo til að fresti til að lýsa kröfum í bú Kaupþings lauk ekki fyrr en 30. desember 2009 og var fyrsta kröfuskrá félagsins birt kröfuhöfum þess 23. janúar 2010. Á því tímabili sem leið frá því Kaupþing féll í október 2008 og þar til kröfum var lýst í félagið

gengu kröfur á félagið kaupum og sölum á markaði án þess að félagið hefði þar nokkra aðkomu eða vitund. Er slitastjórn því ómögulegt að rekja framsöl einstakra krafna sem áttu sér stað fyrir lok kröfulýsingarfrest.

Væri í þessu samhengi eðlilegt að miða framangreinda dagsetningu við lok kröfulýsingarfrests viðkomandi fjármálafyrirtækja í slitameðferð en það er fyrsta raunhæfa dagsetningin sem hægt er að miða við.

Leggur Kaupþing til að c. liður 2. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„ c. Á eftir 3. másl. 3. mgr., er verður 8. másl., kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Í frumvarpi að nauðasamningi fjármálafyrirtækis er slitastjórn einnig heimilt að víkja frá 4. mgr. 30. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. þannig að litið verði til stöðu krafna við lok kröfulýsingarfrests, án tillits til framsals þeirra fram að þeim tíma.“

Ákvæði f-liðar 2. gr. (tryggingar og málsmeðferð forgangskrafna)

Í 2. efnismálgrein f-liðar 2. gr. frumvarpsins er vikið að frávikum frá 2. mgr. 153. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. varðandi áskilnað um að settar séu tryggingar fyrir greiðslu forgangskrafna.

Af hálfu Kaupþings er vakin athygli á þeirri stöðu sem upp getur komið ef löngu eftir lok kröfulýsingarfrests sé kröfu skv. 109. gr. eða 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., lýst fyrir verulega hárfri fjárhæð og leita þurfi til dómstóla til þess að skera úr um réttmæti hennar. Málsmeðferðartími ágreiningsmála fyrir dómstólum skv. núgildandi lögum getur eftir atvikum tekið allt að 2-3 árum.

Í 2. efnismálgrein f-liðar 2. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að heimilt sé að kveða á um í nauðasamningsfrumvarpi að greiða beri forgangskröfur áður en kemur til greiðslu almennra krafna og þannig vikið frá ákvæðum 2. mgr. 153. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Væri því hægt að koma nauðasamningi í gegn þrátt fyrir að slíkum forgangskröfum væri lýst en hins vegar væri óleystur sá vandi að leiða ágreining um þær kröfur til lykta. Gæti því sú staða komið upp að ekki væri hægt að koma nauðasamningsgreiðslum til almennra kröfuhafa í lengri tíma á meðan leyst væri úr ágreiningi vegna slíkra forgangskrafna fyrir dómstólum. Þannig væri í raun ekki hægt að efna nauðasamninginn gagnvart almennum kröfuhöfum (t.d. með greiðslu reiðufjár og afhendingu á hlutafé og öðrum verðbréfum) á meðan slík deila væri óleyst.

Til að bregðast við slíkum aðstæðum leggur Kaupþing til að til viðbótar við 2. efnismálgrein f-liðar 2. gr. frumvarpsins komi nýtt ákvæði þar sem kveðið er á um að slitastjórn fjármálafyrirtækis hafi heimild til þess að vísa ágreiningi um slíka kröfu, sem hún telur engan grundvöll vera fyrir, beint til héraðsdóms þar sem málið skal rekið skv. reglum 3. mgr. 166. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. þar sem kveðið er á um hraða málsmeðferð. Er mikilvægt að lögfesta slíka heimild til að koma í veg fyrir frekari tafir á uppgjöri föllnu bankana sem þegar hefur staðið á sjöunda ár og gæti staðið í vegi fyrir að því verði lokið með eðlilegum hætti.

Leggur Kaupþing til að nýr máslíður bætist við 4. mgr. 102. gr. a svohljóðandi:

„Ef kröfu lýst fyrir slitastjórn á grundvelli 109 gr. eða 3. tl. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er slitastjórn heimilt, telji hún engan grundvöll vera fyrir kröfunni, að vísa ágreiningi um hana beint til héraðsdóms að undangenginni tilkynningu þess efnis til kröfuhafa. Um meðferð máls samkvæmt framangreindu fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 166. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. en þó skal heimilt að veita fresti í allt að tvær vikur og vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fram fara. Ef slitastjórn neytir ekki heimildar skv. framangreindu til að vísa ágreiningi um kröfu beint til héraðsdóms fer um meðferð málsins skv. 1. málslíð 4. mgr. 102. gr. laga þessara.“

Aðrar tillögur Kaupþings sem einnig er lögð áhersla á að nái fram að ganga.

Heimild til að greiða atkvæði undir „heildarskuldabréfum“

Einn stærsti fjármögnunarpáttur viðskiptabankanna fyrir hrún var útgáfa skuldabréfa á alþjóðlegum mörkuðum. Voru þessar skuldabréfaútgáfur með margvíslegum hætti og undir löggjöf mismunandi ríkja. Voru þar á meðal stórar skuldabréfaútgáfur í Bandaríkjunum undir lögum New York fylkis þar sem gefin voru út svokölluð heildarskuldabréf (*e. global note*). Altítt er í slíkum skuldabréfaútgáfum að ákveðinn viðtökuaðili sé einn skráður handhafi og eigandi slíkra heildarskuldabréfa eftir tilnefningu frá vörslufyrirtæki/verðbréfamiðstöð. Þá tíðkast að gerðir séu sérstakir samningar við vörsluaðila (*e. trustee*) þar sem hann fer með ákveðinn réttindi og skyldur í tengslum við heildarskuldabréfið. Sá grundvallarmunur er á hefðbundnum skuldabréfaútgáfum, þar sem hver og einn skuldabréfaeigandi heldur beint á kröfu skv. skuldabréfi og fyrrgreindum útgáfum skv. lögum New York fylkis að þeir sem kaupa kröfu skv. slíkri útgáfu eiga þá hagsmunaeign (*e. beneficial interest*) á grundvelli heildarskuldabréfsins en ekki beina kröfu á útgefanda skuldabréfsins. Þeir aðilar sem eiga slíka hagsmunaeign nefnast þá hagsmunaeigendur (*e. beneficial owners*). Bæði Kaupþing og Landsbanki gáfu út slík heildarskuldabréf undir lögum New York fylkis.

Skorið var úr um það með dómi Hæstaréttar í máli nr. 398/2011, sbr. dóm nr. 562/2013, að vörsluaðilum undir slíkum skuldabréfaútgáfum væri rétt að hafa uppi kröfu gagnvart slitabúum á grundvelli heildarskuldabréfsins en einstakir hagsmunaeigendur gætu ekki haft uppi kröfu, hver fyrir sig. Óumdeilt er hins vegar að hagsmunaeigendur eru endanlegir móttakendur þeirra fjármuna sem kunna að greiðast upp í kröfur sem vörsluaðilar hafa lýst á grundvelli heildarskuldabréfa við slitameðferðir föllnu bankanna og hafa þar með fjárhagslega hagsmuni af því með hvaða hætti slitameðferð þeirra lýkur, þ.m.t. nauðsamningi. Í því ljósi er lagt til að bundið verði í lög heimild til handa hagsmunaeigendum, hverjum fyrir sig, að greiða atkvæði beint við nauðsamning vegna hlutdeildar sinnar í heildarskuldabréfinu kjósi vörsluaðilinn að nýta ekki atkvæðisrétt er fylgi samþykktri kröfu hans. Í þessu efni er rétt að hafa til hliðsjónar ákvæði 3. mgr. 33. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, þar sem fjallað er um atkvæðagreiðslu við nauðsamninga þegar tveir eða fleiri atkvæðismenn eiga samningskröfu saman. Samkvæmt því færðu eigendur undirliggjandi hagsmuna saman með eitt atkvæði m.v. höfðatölu en hver þeirra ætti sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir sínu hlutfalli af kröfu vörsluaðilans m.v. fjárhæðir.

Leggur Kaupþing til að nýr málsliður bætist við 3. mgr. 103. gr. a laganna svohljóðandi:

„Eigi vörsluaðili erlendrar skuldbréfaútgáfu samþykktu kröfu á grundvelli svokallaðs heildarskuldabréfs, en nýtir ekki atkvæðisrétt er fylgir þeirri kröfu, skal eigendum undirliggjandi hagsmuna heildarskuldabréfsins, hverjum fyrir sig, heimilt að greiða atkvæði beint við nauðasamning vegna hlutdeildar sinnar í heildarskuldabréfinu. Eigendur undirliggjandi hagsmuna heildarskuldabréfs er greiða svo atkvæði fara samanlagt með eitt atkvæði en hver þeirra á sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir sínu hlutfalli af kröfu vörsluaðilans.“

Frestur til að koma að forgangskröfu skv. 109. gr. og 2-3. tölul. 110. gr., sbr. 118. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Slitameðferð föllnu bankanna hefur nú staðið í rúmlega sex ár og lauk fresti til að lýsa kröfum í bú t.a.m. Kaupþings, Landsbankans og Glitnis seinni hluta ársins 2009. Eftir lok kröfulýsingarfrests verður nýjum kröfum ekki komið að nema á grundvelli þröngra skilyrða 118. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Samkvæmt 1. – 2. og 4. – 6. tl. 1. mgr. 118. gr. laganna þarf að lýsa kröfu áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr bú. Á það tímamark hins vegar ekki við varðandi slitameðferð fjármálafyrirtækis þar sem ekki er heimilt að greiða hlutagreiðslur upp í almennar kröfur skv. 113. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. á meðan á slitameðferðinni stendur. M.ö.o þá á tilvísun til „úthlutunar úr bú“ ekki við um slitameðferð fjármálafyrirtækis sem er lokið með nauðasamningi.

Er því lagt til að gert verði skýrt að kröfum skv. 1. – 2. og 4. – 6. tl. 1. mgr. 118. gr. framangreindra laga þurfi í öllum tilvikum að lýsa „áður en boðað er til fundar til að greiða atkvæðu um nauðasamning“. Þykir réttara að miða við slíkt tímamark í stað þess tímamarks sem gildir undir hefðbundnum gjaldþrotaskiptum skv. framangreindu.

Einnig hefur komið í ljós á meðan slitameðferðum föllnu bankanna hefur staðið að þrátt fyrir þröng skilyrði 118. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. er enn deilt um hvort tiltekna kröfur, sem lýst hefur verið undir ákvæðum 109. gr. (*kröfur utan skuldaraðar*) og 3. tl. 110. gr. (*búskröfur*) laganna, komist að við slitameðferðir bankanna. Þá er enn óvissa um hvort fleiri slíkar kröfur berist og hvaða áhrif slíkar kröfur kunna að hafa á slitameðferðir bankanna og eftir atvikum nauðasamningsferli þeirra. Er því lagt til að skýra nánar réttarstöðuna hvað þetta varðar fyrir slitameðferðir föllnu bankana. Í því skyni er lagt til að settur verði almennur lokadagur til að lýsa kröfum skv. 109. gr. og 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. vegna krafna sem eiga rót sína að rekja til atburða eða athafna fyrir 1. júní 2015. Í ljósi meginreglu 118. gr. laganna um að lýsa beri slíkum kröfum án ástæðulauss dráttar þykir sá lokadagur hæfilega settur 15. júlí 2015.

Leggur Kaupþing til að nýr málsliður bætist við 4. mgr. 102. gr. a svohljóðandi:

„Um heimild til að koma að kröfu skv. 109. gr. eða 2.-3. tl. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 eftir það tímamark sem kveðið er á um í 2. mgr. 85. sömu laga fer eftir ákvæðum 118. gr. laganna með því fráviki að slíkum kröfum skal lýsa án ástæðulausra tafa og áður en

boðað er til fundar til að greiða atkvæði um nauðasamning. Þó skulu kröfur samkvæmt 109. gr. og 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 er byggja á atvikum eða athöfnum er gerðust fyrir 1. júní 2015 falla niður með endanlegum hætti gagnvart fjármálafyrirtæki í slitameðferð nema slíkum kröfum sé lýst án ástæðulausra tafa fyrir slitastjórn og fyrir 15. júlí 2015.“

b. frumvarp til laga um stöðugleikaskatt, 786. mál.

Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um að 39% af heildareignum skattskylds aðila verði greiddar til íslenska ríkisins.

Af hálfu Kaupþings er á það bent að umrædd skattheimta á sér ekki fordæmi hvað varðar skatthlutfall. Sú skattlagning kemur til viðbótar annarri skattlagningu sem fjármálafyrirtæki í slitameðferð sæta nú þegar, t.a.m. bankaskattur sem greiðist sem hlutfall af skuldum (samþykktum kröfum) slíkra fyrirtækja og sérstakur fjársýsluskattur. Þá er um að ræða skattheimtu sem ákvörðuð er eftir að viðkomandi félög eru tekin til slitameðferðar og er látin njóta forgangs af eignum slitabúanna umfram almenna kröfuhafa.

Þá telur Kaupþing enn fremur að þeim aðilum sem felldir eru undir skattinn séu of naumt skammtaður tími til þess að klára nauðasamninga á þeim forsendum sem stjórnvöld hafa kynnt og bendir m.a. á að ýmsar ytri aðstæður, sem ekki eru á valdi viðkomandi slitabúa, geta haft veruleg áhrif á það hvort umrædd tímamörk séu raunhæf, þ.e. að klára nauðasamning fyrir árslok 2015.

Í þessu efni bendir Kaupþing á meðferð staðfestingarkröfu fyrir dómstólum getur tekið nokkrar vikur og hugsanlega nokkra mánuði ef mótmæli við staðfestingu koma fram.

Leggur Kaupþing til að 2. gr. frumvarpsins verði breytt á þá leið að kveðið sé á um að fjármálafyrirtæki í slitum teljist ekki skattskyldur aðili hafi krafa um staðfestingu nauðasamnings verið móttækin af héraðsdómi þar sem fjármálafyrirtækið á varnarþing fyrir 31.12.2015 enda þó endanlegur úrskurður héraðsdóms eða Hæstaréttar um staðfestingu nauðasamnings liggja ekki fyrir fyrr en eftir 31.12.2015.


Að öðru leyti áskilur Kaupþing sér allan rétt varðandi fyrirhugaðan skatt, þ.m.t. að láta reyna á lögmæti hans fyrir dómi verði frumvarpið að lögum og komi til álagningar skattsins á Kaupþing.

Niðurlag

Með hliðsjón af öllu framangreindu er óskað eftir því að efnahags- og viðskiptanefnd taki athugasemdir Kaupþings til við ofangreind þingmál til gaumgæfilegrar skoðunar. Slitastjórn Kaupþings er reiðubúin til að hitta efnahags- og viðskiptanefnd, sé þess óskað, til viðræðna og til þess að útskýra sjónarmið sín frekar.

Virðingarfyllst,

f.h. slitastjórnar Kaupþings hf.

Handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Jóhannes Rúnar Jóhannsson'.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.

Handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Feldís L. Óskarsdóttir'.

Feldís L. Óskarsdóttir

Handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Theodór S. Sigurbergsson'.

Theodór S. Sigurbergsson